

01/06/2022

Samantekt á uppbrotsdögum og hefðbundnum viðburðum í skólastarfinu

Veturinn 2021-2022



Gæðaráð

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Inngangur | 3 |
| Samtalsdagar haust 23. og 24. ágúst | 4 |
| Útivistardagur haust 8. september | 4 |
| Skákmót 9. og 10. desember | 4 |
| Dagur íslenskrar náttúru 16. september | 5 |
| Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember | 5 |
| Litlu jólin 17. og 20. desember | 5 |
| Samtalsdagar vor 3. og 4. febrúar | 6 |
| Útivistardagur vor 9. mars | 6 |
| Upphátt upplestrarhátíð 7. bekkjar 23. mars | 9 |
| Árshátíð 6. apríl | 9 |
| Páskabingó 4. – 8. apríl | 12 |
| Grænfánaafhending til Brekkuskóla 25. apríl | 12 |
| Skólahreysti 4. maí | 13 |
| Þemadagar 5. og 6. maí | 13 |
| Upplestrarhátíð 4. bekkur 11. maí | 14 |
| Íþróttamót í Boganum 5. - 7. bekkur 10. – 12. maí | 14 |
| Fiðringur á Norðurlandi ?? maí | 14 |
| Skólaþing 25. maí | 14 |
| Vordagur 2. júní | 14 |
| Skólaslit 3. júní | 15 |
| Lokaorð | 16 |
| Fylgiskjöl | 17 |
| Félagshæfnisaga - Gönguferð í Naustaborgir og Kjarnaskóg 7.- 10. bekkur | 17 |
| Félagshæfnisaga - Hlíðarfjall 7.- 10. bekkur | 19 |
| Félagshæfnisaga - Skautahöllin 7.- 10. bekkur | 21 |
| Félagshæfnisaga – Árshátíð myndræn stundaskrá | 22 |
| Félagshæfnisaga – Árshátíð yngri nemendur | 23 |
| Félagshæfnisaga – Árshátíð 7.- 8. bekkur | 24 |
| Árshátíð - generalprufur | 25 |
| Árshátíð - pylsuhádegi | 26 |
| Árshátíð – kaffihlaðborð og sýningar | 27 |
| Árshátíð - auglýsing | 28 |
| Árshátíð - frágangur | 29 |
| Páskabingó – skráningarblað | 30 |

Inngangur

Í þessari samantekt er greint frá uppbrotsdögum í Brekkuskóla skólaárið 2021-2022.

Markmiðið með samantektinni er að hún sýni hvað vel er gert, betur má fara og nýtist starfsfólki við að bæta skólastarfið og skipulag uppbrotsdaga næsta skólaár. Á næsta skólaári er stefnt að því að skrásetja sérstaklega hvernig vinna á uppbrotsdögum stuðlar að tiltekinni lykilhæfni, auk þess hvernig hún tengist einkunnarorðum skólans.

Uppbygging samantektarinnar er í tímaröð uppbrotsdaga og viðburða.

Samtalsdagar haust 23. og 24. ágúst

Samtalsdagar voru rafrænir 2. -10. bekk . Foreldrum og nemendum 1. bekkjar var boðið í viðtal hjá umsjónarkennara þeirra. Vegna samkomutakmarkana voru foreldrar beðnir um að mæta ekki í skólann að svo stöddu nema þeir væru boðaðir sérstaklega. Grímuskylda vegna Covid19 var á alla utanaðkomandi sem komu inn í skólann. Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 25. ágúst. Þessir dagar voru ekki metnir með formlegum hætti að þessu sinni.

Útivistardagur haust 8. september

Á útivistardaginn fóru yngri nemendur í Lystigarðinn, Matjurtagarða Akureyrar og Naustaborgir. Eldri nemendur hjóluðu í Kjarnaskóg, gengu upp í Gamla og einn hópur fór á Golfvöllinn þar sem kúlur voru slegnar. Elstu nemendurnir gengu upp á Ystuvíkurfjall. Dagurinn var metinn með formlegum hætti með starfsmannakönnun. Eftirfarandi atriði komu fram, þegar athugað var hvernig til tókst:

Undirbúningur fór fram með þeim hætti að sendur var tölvupóstur heim til nemenda. Félagshæfnisaga var gerð fyrir hópinn og einstaklinga. Mætingalisti hafður með í för og farið yfir reglur sem gilda um ferðir með nemendum. Á unglíngastigi buðu einhverjir kennarar nemendum að skrá símanúmer kennaranna í símana sína ef eitthvað skyldi koma upp á. Það sem gera mætti betur er að auka fræðslu um staðinn og ferðina áður farið er.

Almennt gekk vel að fá nemendur til að halda hópinn. Fram kom að nemendur þurfa að fara á sínum hraða og forsendum og því ekki hægt að hafa alla í einum þéttum hópi. Sumum nemendum nægir að labba 1/3 af göngunni á meðan aðrir fara 2/3 eða alla leið. Það sem kom óvænt uppá voru veikindi og heilsuleysi starfsfólks í ferðinni.

Úrvinnsla eftir ferðina var í formi ritunar og kynninga um ferðina.

Atriði til að hafa í huga við skipulag næstu ferða:

- Byrja mætti fyrr að undirbúa útivistardaginn.
- Mælt er með að hjóla í Kjarnaskóg og ganga þaðan upp í Gamla. Reynslan sýnir að hjólaferð í gegnum Naustaborgir og ganga upp í Gamla tekur of langan tíma.
- Undirbúa vel ferðirnar t.d. var unnið á yngsta stigi út frá bókinni Ada og afmælisgjöfin. Myndir nýttar til að finna blóm í náttúrunni.

Skákmót 9. og 10. desember

Skólaskákmót Brekkuskóla – var haldið fyrir nemendur í 5-7. bekk, alls skráðu 27 keppendur sig til leiks. Fyrri daginn voru tefldar fjórar umferðir og svo þrjár umferðir til úrslita seinni daginn, en þá tefldu aðeins þeir keppendur sem höfðu náð a.m.k. tveimur vinningum fyrri daginn. Það voru því 18 keppendur sem tefldu til úrslita um þá meistaratitla sem í boði voru. Þessi viðburður var ekki metinn með formlegum hætti að þessu sinni.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september

Á þessum degi er vakin sérstök athygli á íslenskri náttúru. Þá er spurningakeppni lögð fyrir nemendur og sá nemandi sem vinnur fær titilinn Náttúrufræðingur skólans.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Á degi íslenskrar tungu hefst undirbúningur í 7. bekk fyrir upplestrarhátíð 7. bekkjar.

Litlu jólin 17. og 20. desember


Föstudaginn 17. desember héldu nemendur í 8. - 10. bekk Litlu jól. Nemendur mættu kl.18:00 í heimastofur og áttu þar gæðastund til kl. 20:00.

Mánudaginn 20. desember héldu aðrir árgangar Litlu jól. Skipulagið var með eftirfarandi hætti:

- **Nemendur í 1.og 2. bekk mæta kl. 08:00 í heimastofur.**
Klukkan 8:30 mætir 2. bekkur á sal og dansar í kringum jólatré.
Kl. 9 mætir 1. bekkur á sal og dansar í kringum jólatré.
Skóladegi lýkur milli klukkan 9:30 og 10:00 og Frístund opnar fyrir nemendur sem þar eru skráðir.
- **Nemendur í 3 og 4. bekk mæta kl. 09:00 í heimastofur.**
Klukkan 9:30 mætir 3. bekkur á sal skólans og dansar í kringum jólatré.
Kl. 10:00 kemur 4. bekkur á sal skólans, þar sem verður dansað í kringum jólatré.
Skóladegi lýkur milli klukkan 10:30 og 11:00 og Frístund opnar kl. 8 fyrir nemendur sem þar eru skráðir.
- **Nemendur í 5., 6. og 7. bekk mæta kl. 10:00 í heimastofur.**
Klukkan 10:30 mætir 5. bekkur á sal þar sem verður dansað í kringum jólatré.
Hjá 6. og 7. bekk verða stofujól. Skóladegi lýkur um klukkan 11:30.

Litlu jólin voru metin með formlegum hætti með starfsmannakönnun. Eftirfarandi atriði komu fram:

Hvernig gekk?
25 svör



Lang flestum fannst hátíðin hafa gengið vel í alla staði eða 60% svarenda.

Það sem gekk vel:

- Allt gekk vel. Skipulag gott og áttum við ánægjulega stund saman, kannski má segja að við höfum verið heldur fá þegar dansað var kringum jólatréð. Samverustundin og að dansa í kringum jólatréð gekk vel.
- Nemendur tóku virkan þátt í spurningarleiknum, hlustuðu á skemmtiatriði og tóku jákvæðir á móti veitingum.
- Dagurinn var rólegur og notalegur. Það var mjög góð mæting, allir glaðir, jákvæðir, spenna í lofti og góð stemning.

Það sem hafa þarf í huga við undirbúning:

- Piparkökum var fremur naumt skammtað.
- Mikilvægt að tímasetningar standist eins og varðandi kakó.
- Tíminn í stofunum var aðeins of langur og hefði þurft að brjóta dagskrána upp á annan hátt.
- Kannski minna rými = kennslustofa? Meiri og skipulagðari dagskrá?
- Prófa að hafa 8.-10. bekk saman á salnum eins og hugmyndin var upphaflega.

Annað:

- “Þetta voru náttúrulega ekki þau litlu jól sem við ætluðum að halda og því erfitt að ætla að meta hvort það ætti að gera þetta aftur eða ekki. Mér finnst reyndar mikilvægt að gera þetta aftur á næsta ári og þá fá hlutirnir að vera eins og planið var áður en allt fór í Covidlás.”
- “Gott að fá að prófa nýtt form þ.e. kvöldskemmtun fyrir unglöngina.”
- “Sumir, alls ekki allir, 10. bekkingar voru vanþakklátir, hentu mandarínnum um salinn, sem skemmdi mikið yfirbragð stundarinnar. Nenntu ekki að dansa í lokin og vildu bara komast heim. Þetta þarf alla vega að skoða betur fyrir næsta ár. Væri gaman að vita hvernig upplifun nemenda var?”
- “Mjög notaleg og fín eins og þau voru núna”. “Frábær dagur!”

Samtalsdagar vor 3. og 4. febrúar

Vegna aðstæðna í samfélaginu var ákveðið að hafa samtölin rafræn. Gert var ráð fyrir að nemendur mættu ásamt foreldrum á fjarfund. Foreldrar skráðu tíma í gegnum Mentor undir flísinni „Bóka foreldraviðtal“ og fengu í kjölfarið slóð á Teamsfund frá kennara. Þessir dagar voru ekki metnir formlega að þessu sinni.

Útivistardagur vor 9. mars

Farið var í Skautahöll, Hlíðarfjall, Braggaparkið og Kjarnaskóg. Nemendum var boðið upp á val um hvert þeir færu. Boðið var upp á rútuferðir frá skólanum eins og hér kemur fram:

| Mæting | Bekkur | Rúta | Áfangastaður |
|--------|--------|-------|----------------------------|
| 08:00 | 7-10. | 08:15 | Brekkuskóli - Hlíðarfjall |
| 08:00 | 7-10. | 08:15 | Brekkuskóli - Hlíðarfjall |
| 08:00 | 4.-6. | 08:15 | Brekkuskóli - Hlíðarfjall |
| 08:30 | 4-6 | 08:45 | Brekkuskóli - Kjarnaskógur |
| 08:30 | 1-3. | 08:45 | Brekkuskóli - Kjarnaskógur |
| 08:30 | 1-3. | 08:45 | Brekkuskóli - Kjarnaskógur |
| 08:30 | 1-3. | 08:45 | Brekkuskóli - Kjarnaskógur |

| | | | |
|-------|-------|-------|----------------------------|
| 10:45 | 1-3. | 11:00 | Kjarnaskógur - Brekkuskóli |
| 10:45 | 1-3. | 11:00 | Kjarnaskógur - Brekkuskóli |
| 10:45 | 1-3. | 11:00 | Kjarnaskógur - Brekkuskóli |
| 10:45 | 4-6. | 11:40 | Kjarnaskógur - Brekkuskóli |
| 11:45 | 4-6. | 12:00 | Hlíðarfjall - Brekkuskóli |
| 11:45 | 7-10. | 12:30 | Hlíðarfjall - Brekkuskóli |
| 11:45 | 7-10. | 12:30 | Hlíðarfjall - Brekkuskóli |

Útivistardagurinn var metinn með formlegum hætti með starfsmannakönnun. Eftirfarandi atriði komu fram:

Starfsfólk dreifðist nokkuð jafnt á svæðin en flestir fóru í Kjarnaskóg og Hlíðarfjall.

Undirbúningur fór fram með þeim hætti að sendur var tölvupóstur heim til nemenda. Félagshæfnisaga var gerð fyrir hópinn og einstaklinga. Mætingalisti hafður með í för og farið yfir reglur sem gilda um ferðir með nemendum. Það sem er öðruvísi í þessari ferð heldur en haustferðinni er að annars vegar voru fleiri með fræðslu um ferðina og staðinn sem farið var á og hins vegar voru færri sem fóru yfir reglur sem gilda um ferðir fyrir þessa ferð.


“Undirbúningur fyrir daginn hefði þurft að byrja mun fyrr svo vitað væri með lengri fyrirvara hvernig fyrirkomulagi yrði háttað. Það er allt of seint að þurfa að vinna í félagsfærnisögum daginn fyrir brottför. Í okkar tilfalli vorum við komin með grunn sem við þurftum að breyta í hádegishléinu okkar því ekki var allt orðið ljóst fyrr en þá. Það er ekki ásættanlegt að geta ekki svarað spurningum nemenda og undirbúið þá sem eiga erfitt með uppbrotsdaga betur en með hraðri yfirferð á félagsfærnisögu í síðustu kennslustund dagsins”.

“Eins hefði verið gott ef kennarar hefðu getað hist fyrir ferðina og undirbúið hana í grófum dráttum. Í könnuninni sem nemendur svöruðu var t.d. tekið fram að í Kjarnaskógi yrði farið í ratleik og fleira. Þar sem kennarar gátu ekki hist var ekkert undirbúið og því varð ekkert úr þessum dagskrárliðum sem komu fram í nemendakönnuninni. Nemendum sem völdu ferðina m.a. vegna ratleiksins höfðu því ekki gaman af henni og sáu eftir valinu”.

Úrvinnsla var lítil eftir ferðina. Þeir sem voru með úrvinnslu voru með ritun og kynningar. Fram kom að vel gekk á staðnum og vel gekk að fá nemendur til að halda hópinn.

Að þessu sinni höfðu nemendur í 4. - 10. bekk val um það hvað þeir vildu gera. Myndir þú vilja hafa samskonar fyrirkomulag aftur?


22 svör



“Frábært að hafa val en það val þarf að vera þannig að allir geta valið allt sem í boði er ekki aðeins val fyrir þá sem eiga útbúnað”. “Leiðinlegt að miðstigið hafði ekki val um að fá lánað í fjallinu. Þeir sem ekki eiga búnað hafa ef til vill aldrei tækifæri til að prófa skíði/bretti. Því er mikilvægt að leita leiða til að finna lausn á þessu og gefa öllum tækifæri til að prófa”.

Á heildina litið, hvernig fannst þér dagurinn ganga?

30 svör



Atriði til að hafa í huga við skipulag næstu ferða:

- Bæta á tékklista fyrir ferð í Hlíðarfjall: kaffi/mjólk/drykkjarmál fyrir kennara.
- Merkja rúturnar árgöngum eða bekkjum. Hafa rúturnar nær skólanum þar sem erfitt var fyrir yngstu börnin að ganga alla leið að Höllinni með sleðana sína.
- Varðandi val nemenda, annað hvort gera foreldra ábyrga fyrir vali eða láta börnin velja heima.
- Kennarar hafi aðgang að lista yfir val nemenda.

“Á heildina litið gekk dagurinn mjög vel. Frábær aðstaða, vel tekið á mótí okkur og börnin glöð”.

Upphátt upplestrarhátíð 7. bekkjar 23. mars

Stóra upplestrarkeppnin hefur verið starfrækt í grunnskólum síðan haustið 1996. Hún beinist að því að efla framsögn og upplestur nemenda í 7. bekk. Verkefnið hefur sterka og skýra umgjörð. Upphafsdagur undirbúnings fyrir hátíðina er á Degi Íslenskrar tungu, 16. nóvember og skiptist undirbúningurinn í tvo hluta; ræktunarhluta og keppnishluta. Í fyrri hlutanum er mikil áhersla lögð á að nemendur æfi upplestur, vandaðan framburð, túlkun og framkomu. Þessum hluta lýkur með forkeppni þar sem hver skóli velur tvo fulltrúa auk varamanns til að taka þátt í lokakeppninni fyrir hönd skólans. Lokakeppni hátíðarinnar fór fram í Kvosinni í Menntaskólanum á Akureyri eins og undanfarin ár.

Verkefnið var skipulagt upphaflega af undirbúningsnefnd um landskeppni í upplestri. Nú hefur orðið breyting á því. Þannig að í ár hefur hvert og eitt sveitarfélag umsjón með verkefninu á sínu svæði. Með þeirri breytingu hefur keppnin fengið nýtt heiti hér á Akureyri og heitir nú Upphátt.

Þessi viðburður var ekki metinn formlega að þessu sinni en innanskólahátíðin og lokahátíðin í Menntaskólanum virtust takast vel. Hátíðlegt og vel heppnað.

Árshátíð 6. apríl

Árshátíð var haldin með hefðbundnum hætti sjá fylgiskjöl. Leikstjóri er Pétur Guðjónsson. Árshátíðin var metin með starfsmannakönnun. Hér á eftir er samantekt á því sem fram kom:

Hvað lærðu nemendur í árshátíðarvinnunni?

- Nemendur lærðu samvinnu, leysa úr ágreiningi, tillitssemi, tímastjórnun, sumir lærðu dansspor, aðrir skýrari tjáningu, bregðast við óvæntum upptákum (s.s. þegar nemendur vantaði vegna veikinda eða þegar þeir mundu ekki línurnar sínar og þurftu að spinna), hjá sumum reyndi á hugrekki.
- Þeir fengu líka þjálfun í framkomu og framsögn á sviði, tala hátt og skýrt, reyna að vera með leikræna tjáningu þar sem það á við og ekki síst hlustun og láta ekki fiðrildi í maganum stoppa sig.
- Nemendur lærðu rím, texta og lög utan bókar, ritun, framkomu, söng, sköpun og að fara eftir fyrirmælum. Koma fram sem hópur. Syngja sem kór.
- Þeir þjálfuðumst í para og hópvinna sum verkefni voru líka unnin einstaklingslega.
- Lærðu að leysa úr ágreiningi.
- Hvernig standa má að fjáröflun.
- Að vinna að bakstri og undirbúningi veitinga, hvernig getum við útbúið og geymt bakstur þannig að hann verði eins og nýr. Læra að það er mikill undirbúningur og vinna að skipuleggja veitingar fyrir árshátíð.

Hvernig er árshátíðarvinna nemenda metin?

- Notum símat og fylgjumst með. Merkjum svo í námsframvindumarkmiðum hjá hverjum og einum sem við á.
- Ákveðin þættir metnir út frá hæfniviðmiðum í íslensku og lífsleikni. Bæði verkefni og árshátíðin sjálf.

- Vinnan er tekin með í mat á vinnusemi, samvinnu og skapandi skilum.
- Í samtölum og sýnilegum árangri.
- Í gleði og ánægju nemenda
- Setja markmið með árshátíðinni inn í hæfnikort í lífsleikni sem verða metin.

Hvaða lykilhæfni var unnið með í árshátíðarvinnunni?

- Í vinnunni reynir á alla þætti lykilhæfninnar. Tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna.
- Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega.
- Sjálfstæði og samvinna felur í sér hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Einnig að geta unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skólans.

Kaffihlaðborð - Hvað gekk vel?

- Gekk mjög vel að klára undirbúning með nemendum að morgni árshátíðar. Það var vel mannað við hlaðborð og góður foreldrahópur sem vann vel. Nóg af brauði og bakkelsi.
- Kaffihlaðborðið gekk mjög vel. Góð samvinna starfsfólks, foreldra og nemenda.

Kaffihlaðborð – Það sem betur má fara og tillögur að úrbótum.

- Kaffihlaðborð mætti opna strax og fyrstu sýningu lýkur.
- Kaffihlaðborð mætti byrja kl. 11:15 eða 11:30 svo að þeir sem koma að fylgjast með þeim yngstu kl. 11:00 þurfi ekki að bíða lengi eftir hlaðborðinu.
- Auglýsa betur að það sé ekki kaffihlaðborð eftir síðustu sýningu.
- Endurskoða magn og tegundir í ljósi afganga.
- Muna að ítreka þegar sendir eru "bökunarlistar" heim að Brekkuskóli er hnetulaus skóli.
- Það er nóg að foreldrar sem sjá um kaffihlaðborðið mæti einni klukkustund áður.
- Flokkun í matsal eftir kaffihlaðborðið. Ætlast til að allir flokki rétt. Setja þarf flokkunardalla við frágangsbörðin (hjólaborðin). „Það var ömurlegt að sjá að allt færi í lífrænadallinn og þar með allt rusl því það var allt sett í hann, bæði pappírform utan af muffins og pappi“.
- Skreyta mætti salinn meira með verkum nemenda.

Sýningar á sal – Hvað gekk vel?

- Allt gekk upp. Skipulagið gekk vel.
- Æfingar, leikstjórn og undirleikur.
- Flottar sýningar, mátulega langar og gengu vel fyrir sig.

Sýningar á sal – Það sem betur má fara og tillögur að úrbótum.

- Æfingafærlið. Næst viljum við æfa meira með undirleikara, allt af stuttur tími núna.
- Að nemendur á yngsta stigi geti séð sýningar hjá hvert öðru.

- Hafa undirspilara með frá upphafi. Æfingar með undirleikara hefðu þurft að vera fleiri til að nemendur hefðu verið öruggari.
- Fá fyrir tæknimann eða -menn í búrið. Passa að tæknimenn séu settir snemma inn í ferlið.
- Væri gott að fá fleiri æfingar á sviði og að stjórnendur skrái árganga í æfingatöflu.
- Passa að allir fái æfingu á sviði bæði fyrri og seinni part vikunnar.
- Kennarar þurfa að vera mættir tímanlega með sinn hóp í áhorf á generalprufum.
- Taka fram, bæði í tölvupósti heim og hjá kynnum, að það sé ætlast til að fólk sitji út alla sýninguna. Biðja þarf foreldra og aðstandendur um að sitja þar til sýningu lýkur. Það er leiðinlegt þegar hópur áhorfenda yfirgefur salinn í miðri sýningu. Mikilvægt að sýna börnunum virðingu með því að sitja út alla sýninguna.
- Kannski væri hægt að hafa 5 mín hlé á sýningu og gefa fólki færi á því að yfirgefa salinn þá reyndar fækkar mjög áhorfendum.
- Passa að hurð inn í sal sé ekki læst ef einhver ætlar að nýta sér að hlaupa hringinn og koma þar inn.
- Minna kynna á að vera sparilegir.
- Passa að kynnar séu ekki að kynna ævintýraveröldina á seinustu sýningu því þá er búíð að taka hana niður.
- Að kennarar eða stuðningsfulltrúar hvers árgangs sjái til þess að allt dót sem verið var að nota á sýningu sé tekið eftir sýningu eða að það sé a.m.k. tekið til þarna á bakvið svo það sé nóg pláss fyrir þá sem koma á eftir.
- Hafa árshátíð á fimmtudegi.
- Taka tillit til þeirra ábendinga sem koma og lagfæra fyrir næstu árshátíð.

Ævintýraveröld – Hvað gekk vel?

- Andlitsmálun og spákona. Það þarf að endurskoða leikjastöðina og draugahúsið. Tombólan þarf að byrja eftir fyrstu sýningu og það er í lagi að hafa vinningana minni en fleiri.
- Gekk yfirleitt vel.

Ævintýraveröld – Það sem betur má fara og tillögur að úrbótum.

- Hafa fullorðinn starfsmann með nemendum sem afhenda tombólumiða. Stundum koma margir og nemendur geta misst tökin.
- Gæta þess að ábyrgir nemendur setji sig í spákonu hlutverk. Ekki viðeigandi að hafa spákonur sem leyfa sér að tala ósæmilega við aðra nemendur.
- Fá fleiri starfsmenn til að skipta með sér vöktum.
- Þarf ekki að setja þak á miðakaupin? 5 miðar á mann?
- Eftir nákvæma leit og númer fundust alls ekki var það leyst með einu Andrésblaði. Þannig að ef aukánúmer eða svindl var í gangi þá var Andrésblað afhent.
- Auglýsa betur klukkan hvað ævintýraveröldin lokar.

Frágangur og þrif – Hvað gekk vel?

- Allt gekk vel, góð samvinna, jákvæðni og drifkraftur í fólki.
- Allir samhentir og frágangur gekk bæði hratt og vel fyrir sig.

Frágangur og þrif – Það sem betur má fara og tillögur að úrbótum.

- Virkja nemendur betur í frágangi á stofum, urðum varar við mjög mikla neikvæðni nemenda.
- Það gleymdist alveg að þrifa og losa rusl á klósettunum við matsalinn, og að fara yfir forstofuna. Kannski þarf að biðja einhverja tvo starfsmenn að sjá um þetta verk, þetta virðist alltaf gleymast.

Pylsuhádegi – Hvað gekk vel?

- Gekk mjög vel - skipulagið gott og allt gekk hratt og vel fyrir sig.
- Afgreiðslan gekk vel og börnin voru glöð að fá pylsur og drykk.

Pylsuhádegi – Það sem betur má fara og tillögur að úrbótum.

- Þegar verið var að afgreiða pylsur á efsta gangi var komin talsverð traffík af gestum af fyrstu sýningu. Spurning um að skoða betur staðsetningar og tíma á pylsum.
- Hitastig á pylsum. Hafa pylsurnar heitar t.d. heitt vatn í íláti. Hita minna í einu. (alltaf erfitt þegar verið er að fara á milli staða).
- Flokkun fernanna. Þegar ákveðið er að hafa fernur með ávaxtadrykk í boði þá verður að sjá til þess að nemendur flokki rétt, taki plastið af og setji í plastflokkunardall og setji fernur og papparör í pappadall.

Páskabingó 4. – 8. apríl

Sú hefð hefur skapast í vikunni fyrir páskaleyfi að hver árgangur hefur tekið eina kennslustund í páskabingó. Lítil páskaegg eru í vinning. Þessi hefð var ekki metin formlega að þessu sinni.

Grænfánaafhending til Brekkuskóla 25. apríl

Athöfnin fór fram í Íþróttahöllinni kl. 9:45. Lögð var áhersla á að að allir væru komnir í höllina kl.9:45 þannig að athöfnin gæti hafist á réttum tíma.

Skipulag:

- Nemendur gengu með starfsfólki upp í höll og fóru inn um suðurinnangang. Nemendur fóru ekki úr skónum, gengu inn í gegnum stúkuna og niður á bekkina nær gólfinu. Elstu nemendurnir settust efst og yngstu nemendurnir neðst. Starfsmenn skólans röðuðu á bekkina.
- Lögð var áhersla á að nemendur gæfu gott hljóð á meðan á athöfninni stóð en þar voru stuttar ræður og skemmtiatriði áður en fáninn var afhentur. Athöfnin tók 30 - 35 mín.
- Að athöfn lokinni var útgöngu stjórnað af starfsmönnum, yngstu nemendur fyrirst, og gengið í skrudgöngu að skólanum þar sem fáninn var dreginn að húni.
- Að lokum voru léttar veitingar í boði við skólann.

Þessi viðburður var ekki metinn með formlegum hætti.

Skólahreysti 4. maí

Skólahreysti er liðakeppni milli grunnskóla landsins. Hvert lið samanstendur af tveimur strákum og tveimur stelpum sem þurfa að vera nemendur í 9. og/eða 10. bekk. Markmiðið er að hvetja börn til að taka þátt í alhliða íþróttaupplifun með heilbrigðri keppni milli skóla þar sem einstaklingsframtakið og liðsheildin í sameiningu skila árangri. Frá upphafi hefur Sjónvarpið sýnt frá lokakeppninni í beinni útsendingu.

Skipulag á undankeppninni í ár var með eftirfarandi hætti í Íþróttahöllinni á Akureyri:

- 18:30 - Mæting keppnislið - Afhending bolir / vesti - varamenn fá boli
- 18:30 - Æfingatími á keppnisvelli
- 19:00 - Húsið opnar fyrir áhorfendum
- 19:15 - Dómarar fara yfir þrautir / reglur með keppendum
- 19:30 - Jónsi stillir keppendur og áhorfendur af fyrir beina útsendingu
- 20:00 - Keppni byrjar / BEIN ÚTSENDING Á RÚV
- 21:00 – Mótslok

| 7. riðill kl 20:00 | | Akureyri 4. maí |
|--------------------|-----------|------------------|
| 1 | Orange | Brekkuskóli |
| 2 | Ljósblár | Dalvíkurskóli |
| 3 | Bleikur | Giljaskóli |
| 4 | Turkeys | Glerárskóli |
| 5 | Gulur | Gr.Fjallabyggðar |
| 6 | Ljósgrænn | Grenivíkurskóli |
| 7 | Rauður | Síðuskóli |
| 8 | Grænn | Þelamerkurskóli |

Eldri nemendur 7.-10. bekkur er hvattur til þess að mæta og hvetja sitt fólk áfram.

Þessi viðburður var ekki metinn með formlegum hætti í ár.

Þemadagar 5. og 6. maí

Yfirskrift þemadaganna var umhverfið, sjálfbærni og mannúð. Hefðbundið bóknám var lagt til hliðar og nemendur unnu að ýmsum samvinnuverkefnum. Nemendur í 7.-10. bekk völdu sér vinnuhóp: sköpun, útivist eða góðverk. Góðverkahópur vann með Dvalarheimilinu Hlíð og á Leikskólunum Hólmasól, Naustatjörn og Lundarseli, ásamt því að vinna verkefni í Brekkuskóla. Útivistarhópur aðstoðaði við hreinsun á Vaðlareit og Kjarnaskógi. Sköpunarhópur vann við að mála fegra umhverfi Brekkuskóla.

Þemadagarnir voru ekki metnir með formlegum hætti að þessu sinni.

Upplestrarhátíð 4. bekkur 11. maí

Upplestrarhátíð 4. bekkjar fór fram með formlegum hætti þann 11. maí sem er í seinna lagi en verið hefur. Það skýrist m.a. af samgöngutakmörkunum og því að árs hátíð skólans var frestað fram á vor. Hátíðin þótti takast vel en nokkur atriði sem vert er að hafa í huga eins og að bjóða upp á tónlistaratriði. Upplestrarhátíðin var ekki metin með formlegum hætti að þessu sinni.

Íþróttamót í Boganum 5. - 7. bekkur 10. – 13. maí

Þetta var 12. árið í röð sem mótið var haldið með þessu sniði í Boganum.

Þriðjudag 10.maí : 4 bekkur
Miðvikud. 11. maí : 5. bekkur
Fimmtud. 12. maí: 6. bekkur
Föstudag. 13. maí : 7. bekkur

Kept er frá 9:00 - 11:50 alla dagana í þessum keppnisgreinum: langstökk stelpur, 60 m. hlaup strákar, langstökk strákar, 60.m hlaup stelpur, 600 m. hlaup strákar/ stelpur Boðhlaup (5 strákar og 5 stelpur frá hverjum skóla), Reipitog (5 stelpur og 5 strákar frá hverjum skóla)

Allir nemendur geta keppt í 60m, 600m, og langstökki.

Umsjónarkennarar fylgdu nemendum á mótið, ýmist með strætó, hjólandi eða farið gangandi. Íþróttamótið var ekki metið með formlegum hætti að þessu sinni.

Fiðringur á Norðurlandi 5. maí

Brekkuskóli tók þátt í hæfileikakeppninni Fiðring en þetta var í fyrsta skiptið sem keppnin var haldin á Norðurlandi. Undirbúningur hófst snemma í skólanum undir góðri leiðsögn Eyrúnar Lilju Aradóttur og tóku um 15 nemendur þátt. Í aðdraganda keppinnar var haldin hugmyndasamkeppni um farandverðlaunagrip og var hugmynd Önnu Lóu Sverrisdóttur nemanda í Brekkuskóla valin. Atriði Brekkuskóla hét *Unglingsárin mín* og var framúrskarandi vel gert. Stefnt er að því að halda keppnina árlega fyrir grunnskólanemendur. Í ár tóku átta skólar frá Akureyri og nágrenni þátt í keppninni. Sjónvarpið sýndi frá keppninni í beinni útsendingu á Rúv.

Skólaþing 25. maí

Skólaþing stóð yfir frá kl. 8:40 -9:40. Markmið með skólaþinginu er að efla nemendalýðræði og samvinnu allra sem að skólasamfélagi Brekkuskóla koma, að gera góðan skóla enn betri. Þingið sitja fulltrúar nemenda í 6. - 10 bekk ásamt fulltrúum starfsfólks og foreldra.

Þingfulltrúar mæta undirbúnir fyrir þingið. Nemendur ræða viðfangsefnið ásamt umsjónarkennara í bekknum. Þannig fá fulltrúar bekkjarins sjónarmið samnemenda og áherslupunkta til að hafa með sér á þingið.

Á þinginu var unnið með þrjár grunnsurningar:

Borð 1 *Tækifæri Brekkuskóla í umhverfismálum.* Hvað getur Brekkuskóli gert betur og hvernig gerum við það?

Borð 2. *Mannúð.* Hver er okkar skilningur á mannúð? Hvað getum við gert í mannúðarmálum í okkar skóla, bekk, vinahópi?

Borð 3. *Skólalóðin.* Hvað viljum við? Hvernig ætlum við að framkvæma það?

Í lokin voru niðurstöður teknar saman og verða nýttar til að bæta skólastarfið og líðan nemenda og starfsfólks.

Vordagur 2. júní

Hefðbundið er að vera með leikjastöðvar á þessum degi. Þá fer hver hópur á 12 stöðvar og er 5 mínútur á hverri stöð síðan er endað á að borða saman grillaðar pylsur við aðalinngang skólans.

Skipulag dagsins var með eftirfarandi hætti:

1.- 6. bekkur

Kl. 08:00 - 09:00 1. - 4.b "frjáls mæting" - opið í stofum - spil og rólegheit.

Kl. 09:00 Mæting 1. - 6. bekkur.

Kl. 09:20 - 10:25 Útileikir - stöðvar á skólalóð.

Kl. 10:25 - 10:45 Frímínútur.

Kl. 10:45 Mæting í stofur til umsjónarkennara.

Kl. 11:20 Grill 1. og 2. bekkur - heimferð eða Frístund eftir grill.

Kl. 11:20 - 12:00 Gestir - væntanlegir 1. bekkingar haustið 2022 og foreldrar þeirra.

Kl. 11:40 Grill 3. og 4. bekkur - heimferð eða Frístund eftir grill.

Kl. 11:50 Grill 5. og 6. bekkur - heimferð eftir grill.

Nemendur í 1. - 4. bekk voru í umsjón kennara sinna til kl. 12:00. Frístund opnaði kl. 12 fyrir þá nemendur sem þar voru skráðir og aðrir fara heim.

7. - 9. bekkur

Kl. 10:00 Mæting hjá umsjónarkennara.

Kl. 11:00 - 12:00 Útileikir - stöðvar á skólalóð.

Kl. 12:00 Grill og heimferð eftir það.

Skipulag stöðva:

-Íþróttakennarar stjórna byrjun og stöðvaskiptingum og leiðbeina á stöðvum ásamt sérkennurum. Sérgreinakennarar mæta tímanlega og aðstoða íþróttakennara við uppsetningu stöðvanna og aðstoða síðan á þeim stöðvum sem á þarf að halda meðan á leik standur.

-Umsjónarkennarar fylgja bekkjum sínum á milli stöðva og sjá til þess að nemendur fari eftir leikreglum.

Eftirfarandi leikjastöðvar voru settar upp: karfa-stinger, reipitog, höfðingjaleikur, skotbolti-sinalko, snú snú, stopp dans, póko, fótbolti-vító, verpa eggjum, kasta hringjum, boðhlaup, eltingaleikur-strútur, stórfiskaleikur og limbó.

1.- 6. bekkur : Kl.09:20 – 10:25 Útileikir – stöðvar á skólalóð. (5 mín á hverri stöð)

7. – 10. bekkur Kl.11:00 – 12:00 Útileikir – stöðvar á skólalóð (7 mín á hverri stöð)

Vordagurinn var ekki metinn með formlegum hætti að þessu sinni.

Skólaslit 3. júní

Dagskrá:

Nemendur í 1. - 6. bekk mættu í sínar heimastofur kl. 9:00.

Nemendur í 7. - 9. bekk mættu á sal kl. 9:00 og fóru eftir það í heimastofur. Á sal sagði skólastjóri nokkur orð og nemendur hlýddu á tónlistaratriði frá samnemendum. Að því loknu fóru nemendur í stofur til umsjónarkennara.

Nemendur mættu samkvæmt eftirfarandi tímasetningum á sal:

Kl. 9:00 mættu 7., 8. og 9. bekkur.

kl. 10:00 mættu 4., 5. og 6. bekkur.

Kl. 14:30 mætti 10. bekkur í myndatöku.

Kl. 15:00 var útskriftarathöfn 10. bekkjar.

Hefðbundið er að skólaslit og útskriftarathöfn 10. bekkjar fari fram á sal skólans. Einnig að foreldrar og nemendur í 9. bekk sjái um kaffihlaðborðið þennan dag. Allt starfsfólk, foreldrar, forráðamenn og velunnarar skólans eru ævinlega boðnir hjartanlega velkomnir á þennan viðburð.

Skólaslitin voru ekki metin með formlegum hætti að þessu sinni.

Lokaorð

Eitt af því sem kemur í ljós eftir þessa vinnu er að meta þarf og skrásetja betur viðburði og hefðir í Brekkuskóla. Næsta skref er að leita einnig eftir sjónarmiðum nemenda varðandi uppbrotsdaga og viðburði á vegum skólans. Skrásetja þarf markmið með uppbrotsdögum og hefðum skólans.

Þessari samantekt er ætlað að auka yfirsýn starfsfólks yfir það starf sem fram fer á uppbrotsdögum og að starfsfólk þekki betur hefðir Brekkuskóla. Meginmarkmið er að auka gæði skólastarfsins í heild.

Fylgiskjöl

Félagshæfnisaga - Gönguferð í Naustaborgir og Kjarnaskóg 7.- 10. bekkur

Útivistadagur í Brekkuskóla

Gönguferð í Naustaborgir og Kjarna

Á morgun, fimmtudag er útivistadagur í Brekkuskóla. Þá fara allir krakkarnir og starfsfólkið í skólanum saman út í skemmtilega útivist. Ég valdi að ganga í Naustaborgir og um skóginn inn í Kjarna.



Ég þarf að vera í hlýjum fötum eftir veðri. Ég þarf líka að vera í góðum skóm svo mér líði vel og ég verði ekki blaut/ur í fæturna. Á næstu síðu er listi yfir það sem ég þarf í gönguna.

Ég þarf að muna eftir sundfötum ef ég ætla í sund.

Ég mæti klukkan 8:00 í skólastofuna mína. Ég þarf að mæta stundvíslega svo við getum lagt af stað á réttum tíma. Kennararnir merkja við okkur og segir okkur hvenær við megum leggja af stað. Halla, Sævar og Fjóla fara með okkur. Ég þekki þau og get alltaf spurt þau ef ég þarf aðstoð. Svo fara fleiri fullorðnir úr Brekkuskóla með okkur.



Ég hef léttan bakpoka með hollu og góðu nesti í sem ég tek með mér í gönguna. Við göngum frá skólanum í Naustaborgir. Þar gögnum við eftir stígnum um skóginn inn í Kjarna. Ég er samferða starfsfólki skólans og félögum mínum. Við fylgjum hópnum. Það eru kennarar sem fara fyrst og það eru líka kennarar sem koma síðast.

Það er mikilvægt að við göngum vel úti í kanti þegar við göngum á veginum. Það geta alltaf komið bílar úr báðum áttum sem keyra hratt.



Það verða fullorðnir úr skólanum á leiðinni sem ég get spurt og sem hjálpa mér ef ég þarf hjálp á leiðinni. Ég borða nestið mitt á leiðinni þegar hópurinn minn ákveður að borða nesti.

Þegar ég kem í skólann fer ég í matsalinn og borða. Allir þurfa að passa að allt gangi vel í matsalnum því það geta komið margir í einu til að borða. Við sýnum tillitssemi. Ég má fara í sund milli klukkan 11:00 og 13:00.

Þegar ég kem í skólann man ég að fara til Denu. Þar merkja kennarar eða Denna við að ég sé kominn í skólann. Þegar ég er búinn að borða fer ég heim **nema ég sé í valgrein á fimmtudögum**. Þá fer ég í valgreinina mína og svo heim ☺

☺ Mér finnst gaman að fara í gönguferð með skólafélögum mínum og starfsfólki skólans ☺

Útbúnaðarlisti fyrir gönguferð:

Bakpoki (með nesti og aukafötum)

Góðir skór

Hlífðarbuxur

Góðar og hlýjar buxur

Flís/ullarpeysa


Vindheldur jakki/úlpa

Húfa/buff

Vettlingar

Nesti: Gott og orkumikið, hafa nóg að drekka





Félagshæfnisaga - Hlíðarfjall 7.- 10. bekkur

Miðvikudaginn 9. mars er útivistardagur í Brekkuskóla. Við í 7. – 10. bekk gátum valið á milli þess að:

- o að fara í Hlíðarfjall, þeir sem ekki eiga búnað geta fengið lánaðan búnað - bretti - svigskíði – gönguskíði
- o að fara í gönguferð í Fálkafell, fara inn í skála og borða nesti
- o að fara í gönguferð að Skautahöllinni, taka nesti inni í höllinni og horfa á þá sem eru á skautum
- o að ganga inn að Skautahöll, fara á skauta og ganga til baka (Hægt að fá lánaða skauta).
- o að fara í hjólaferð á nagladekkjum (Nemendur þurfa að eiga eða hafa aðgang að reiðhjólum með nagladekkjum)

Ég valdi að fara í Hlíðarfjall

Það verður starfsfólk úr skólanum með okkur í öllum ferðunum og á þeim stað sem ég verð. Ég get alltaf spurt starfsfólkið ef ég þarf aðstoð.



Ég hef með mér gott nesti til að borða og verð í hlýjum fötum því ég verð lengi úti.

Ég mæti í skólann kl 8:00. Ef ég er með einhverjar græjur, set ég skíðin/brettið/sleðann minn fallega upp við vegginn á móti eða við hliðina á innganginum. Ég fer inn í stofuna mína. Þar athugar kennarinn hvort allir eru mættir og segir mér þegar ég á að fara út í rútu.

Ég set dótið mitt í rútna. **8. bekkur fer af stað í rútnu kl 8:15.**

Ef ég ætla að renna mér á skíðum eða bretti þarf ég að fá lyftukort hjá kennurum í skólanum, áður en við förum úr rútnu.

Þegar ég kem upp í fjall fer ég fyrst með nestið mitt inn í nestisskúrinn og hengi upp á snaga. Ég þarf að muna hvar ég setti nestið mitt svo ég finni það aftur. Ef ég leigi skíði/bretti fer ég síðan inn í skúrinn þar sem skíðaleigan er og fæ skíði. Það eru kennarar í skúrnum sem hjálpa mér.

Ég má renna mér á Töfrateppinu og í brekkunum: Auði, Hólabraut, Skálabraut og Hjallabraut eða vera á gönguskíðum í gönguskíðabrekkunni.

Það er starfsfólk úr skólanum á öllum svæðum sem ég get talað við og spurt ef ég er ekki viss um hvað ég á að gera eða hvert ég á að fara.

Þegar ég vil fer ég niður að Skíðahóтели og borða nestið mitt. Þar er starfsfólk úr Brekkuskóla sem aðstoðar mig ef ég þarf hjálp með eitthvað.



Klukkan 12:30 fer rútan með 8. bekk af stað heim. Ég fylgist vel með þegar kennararnir í brekkunum segja að allir í 8. bekk eiga að fara heim. Þá fer ég beina leið að Skíðahótelinu.

Ef ég fékk lánuð skíði/bretti skila ég þeim aftur í skíðaleiguskúrinn, tek nestispokann minn og fer strax í rútna. Dótið mitt set ég í rútna, fæ mér sæti og bíð þangað til við leggjum af stað aftur í skólann.

Þegar við komum í skólann borða ég matinn minn í matsalnum og fer svo heim.

Ég skemmti mér vel í
starfsfólki skólans 😊



Hlíðarfjalli með skólafélögum og

Félagshæfnisaga - Skautahöllin 7.- 10. bekkur

Miðvikudaginn 9. mars er útivistardagur í Brekkuskóla. Við í 7. – 10. bekk gátum valið á milli þess að:

- o að fara í Hlíðarfjall, þeir sem ekki eiga búnað geta fengið lánaðan búnað - bretti - svigskíði – gönguskíði
- o að fara í gönguferð í Fálkafell, fara inn í skála og borða nesti
- o að fara í gönguferð að Skautahöllinni, taka nesti inni í höllinni og horfa á þá sem eru á skautum
- o að ganga inn að Skautahöll, fara á skauta og ganga til baka (Hægt að fá lánaða skauta).
- o að fara í hjólaferð á nagladekkjum (Nemendur þurfa að eiga eða hafa aðgang að reiðhjólum með nagladekkjum)

Ég valdi að fara í göngutúr í Skautahöllina



Það verður starfsfólk úr skólanum með okkur og á þeim stað sem ég verð. Ég get alltaf spurt starfsfólkið ef ég þarf aðstoð.

Ég hef með mér gott nesti til að borða og verð í hlýjum fötum því ég verð lengi úti á göngunni.

Ég mæti í skólann kl 8:00. Ég fer inn í stofuna mína. Þar athugar kennarinn hvort allir eru mættir og segir mér þegar ég á að leggja af stað í gönguferðina í skautahöllina. Ég tek vel eftir



hvað við eigum að bíða eftir kennurunum úti. Ef ég á skauta hef ég þá með mér. Ef ég á ekki skauta get ég fengið þá lánaða í Skautahöllinni.

Þegar ég kem í Skautahöllina set ég nestið mitt þar sem kennarinn minn segir mér að geyma það. Ef ég ætla að fá lánaða skauta fer ég í leiguna og fæ þá þar. Ég þarf að muna hvar ég setti nestið mitt svo ég finni það aftur.

Ég má renna mér á skautum og borða nestið mitt þegar ég vil. Í Skautahöllinni sitjum við á áhorfendabekkjum og borðum. Það er starfsfólk úr skólanum á öllum svæðum sem ég get talað við og spurt ef ég er ekki viss um hvað ég á að gera eða hvert ég á að fara.

Kennararnir segja mér hvenær við eigum að leggja af stað aftur í skólann. Þegar við komum í skólann borða ég matinn minn í matsalnum og fer svo heim.

Ég skemmti mér vel í gögnutúr og í Skautahöllinni með skólafélögum og starfsfólki skólans



Félagshæfnisaga – Árshátíð myndræn stundaskrá

Árshátíð Brekkuskóla miðvikudaginn 6. apríl 2022

Skólinn byrjar kl 10 og er búinn milli kl 17-18

Það kostar ekkert á sýningarnar á árshátíðinni.

Kaffihlaðborð kaffi/safi og kökur í matsal kostar 1500 krónur fyrir fullorðna, 500 krónur fyrir börn í skólanum.

- 10. bekkur safnar peningum fyrir skólaferðalag í maí.

Ævintýraveröld og hlutaveltumiði – lotto - Hver miði kostar 100 krónur.

- 6. bekkur safnar peningum fyrir Reykjaferð í 7. bekk.

| | Miðvikudagurinn 6. apríl |
|----------------------|---|
| 10:00 – 11:30 | <p>Mæting í stofur -- klukkan 10:00</p> <p>Horfa á mynd, spila, lesa eða teikna, þú mátt velja og Afgreiða pylsur</p> <p>Hádegismatur – pylsur – 8. bekkur afgreiðir pylsurnar Sjá blað með skipulagi fyrir pylsuafgreiðslu.</p> |
| 11:30 – 13:00 | <p>Horfa á mynd, spila lesa eða teikna</p> |
| 13:00 – 13:30 | <p>Allir í stofu til að klæða sig í búning og taka til leikmuni</p> |
| 13:45 - | <p>Fyrri sýning</p> |
| 14:10 – 16:00 | <p>Frjáls tími</p> <p>(fara á hlaðborð með foreldrum, í ævintýraveröld eða horfa á mynd í stofu)</p> |
| 16:00 - 16:15 | <p>Allir í stofu til að klæða sig í búning og taka til leikmuni</p> |
| 16:30 – 17:10 | <p>Seinni sýning</p> |
| 17:10 | <p>Frágangur í stofu</p> |



Allir fara heim þegar frágangi er lokið og umsjónarkennarar gefa leyfi til þess.
Félagshæfnisaga – Árshátíð yngri nemendur

Árshátíðardagur í Brekkuskóla



Það verður árshátíð í skólanum á morgun. Við í 4. bekk ætlum að sýna atriði um himingeiminn. Það verður gaman að sýna fyrir foreldrana og aðra gesti.

Klukkan 8:00 mætum við í skólann í stofnarnar okkar.

8:00 Við æfum atriðið okkar á sviðinu.


9:20 Förum við í frímínútur

9:40 Borðum við nesti. Svo förum við í val og vinnum í bókum.

11:00 Förum við í frímínútur

11:20 Fáum við pylsur í hádegismat. 8. bekkingar koma með pylsurnar í stofuna til okkar.

11:30 Horfum við á mynd, teiknum eða spilum



Ég ætla að fara eftir fyrirmælum, vera rólegur og hljóður og vanda mig við sýninguna.

Klukkan 13:30 sýnum við á sviðinu fyrir foreldra og aðra gesti.

Þegar sýningin okkar er búin förum við inn í stofnarnar okkar.

Við getum valið um að horfa á mynd, teikna eða spila. Þeir sem vilja mega fara út með kennara.

Við megum líka fara með foreldrum í kaffi eða ævintýraland. Við verðum að vera komin í stofuna í síðasta lagi klukkan 15:50 til að undirbúa næstu sýningu.

Klukkan 16:15. sýnum við aftur fyrir foreldra og aðra gesti.

Eftir seinni sýninguna er skóladagurinn búinn. Við förum heim eða með foreldrum í kaffi, ævintýralandið eða á aðrar sýningar.

Mér líður vel þegar ég hef verið kurteis og gert mitt besta.





Félagshæfnisaga – Árshátíð 7.- 8. bekkur

Árshátíð í Brekkuskóla

Árshátíðin okkar er á morgun, miðvikudaginn 6. apríl. Þá ætlum við að vera með skemmtiatriði í skólanum. Foreldrar, systkini og fleiri koma í skólann til að sjá sýningarnar og skemmta sér með okkur. Á efstu hæðinni er draugahús, hlutavelta og fleira skemmtilegt. Ef ég vil fara í það þarf ég að kaupa miða til að borga með. Það er líka hægt að kaupa kaffi og kökur af hlaðborði í skólanum. Það eru krakkarnir í 6. bekk og 10. bekk sem selja, til að safna peningum í ferðasjóðinn sinn.

Ég tek þátt í atriði 7. og 8. bekkjar.

Sýningarnar hjá 8. bekk eru kl 13:45 og kl 16:30 í salnum.

Skólinn byrjar hjá okkur kl 10. Ég mæti í stofu 309 og við verðum líka í stofu 305.

Allir krakkarnir í árganginum mínum eru saman í stofunum okkar.

Ég hef það rólegt í stofunni. Ég má horfa á mynd, lesa, teikna eða spila.

Ég borða hádegismat í stofunni. Við fáum pylsur og safa. Kennararnir segja okkur hvenær pylsurnar koma.

Þegar ég er búin að borða horfi ég á mynd, les, teikna eða spila.

Ég fylgist vel með þegar kennararnir segja okkur að fara í salinn til að sýna atriðið okkar. Kl. 13:20 þurfa allir að fara í búningana sína og vera tilbúin. Kl 13:45 förum við í röð í setustofuna og á sviðið til að sýna. 7. bekkur sýnir sín atriði fyrst. Ég er róleg/rólegur og hef hljóð svo ekkert heyrast inn í salinn þar sem áhorfendurnir eru. Ég spyr kennarana eða _____ ef ég er ekki viss um hvað ég á að gera.



Þegar sýningin er búin fer ég aftur í stofuna mína og geng frá dótinu mínu. Þá má ég horfa á mynd, lesa, teikna eða spila. Ef ég vil fara fram á gang og labba um skólann þá þarf ég fyrst að láta kennarann minn vita. Ég þarf að vera komin/n aftur í stofuna mína kl. 16:00. Við förum í búninga og klukkan 16:30 förum við í röð við setustofuna til að sýna aftur.

Þegar foreldrar mínir, amma/afi eða systkini koma í skólann get ég horft á sýningar með þeim, farið í ævintýralandið eða við keypt okkur að borða af hlaðborðinu í matsalnum. Ég þarf að láta kennarann minn vita ef ég fer úr stofunni.

Þegar allar sýningar eru búnar og búíð er að ganga frá þá fer ég heim. Ég þarf að bíða eftir að kennarinn minn segi okkur að við megum fara.

Ég skemmti mér vel á árshátíðardeginum með skólafélögum, starfsfólki og gestum.

Árshátíð - generalprufur

Generalprufur

| Mánudagur 4. apríl | Þriðjudagur 5. apríl. |
|--|--|
| 8:10-8:50 4.-5.b sýna Á 2/3/7/8= 211 | 8:10-9:10 9.-10.b sýna Á 1/2/3/7/8= 250 |
| 8:50-9:40 1.-3.b sýna Á 4/5/7/8=207 | 9:20-10:00 7.-8.b sýnir Á 4/5/6/9= 185 |
| 10:00-11:00 9.- 10.b sýna Á 4/5/6=138 | 10:15-11:00 4.-5.b sýnir Á 1/6/9/10= 149 |
| 12:30-13:10 7.-8.b sýna Á 1/2/3/10=187 | 12:30-13:10 1.-3.b sýnir Á 6/9/10= 178 Val hjá 9.-10. bekk að horfa á |

Athugið að þessa tvo daga verður að gera einhverjar tilfæringar með íþróttir, sund, list- og verkgreinar. sumir árgangar geta nýtt sína tíma á meðan aðrir geta það ekki. Nauðsynlegt er að umsjónarkennarar og aðrir tali saman.

Við viljum biðja 4., 5. og 6. bekk að koma tímanlega í mat á mánudaginn, þannig að þau geti flest verið búin að borða fyrir kl. 12:40 þegar Lundarskóli kemur í mat. Annars gerum við ráð fyrir að Lundarskóli sitji í matsalnum með okkar börnum. Þetta hefur ekki verið reynt svona áður þannig að við krossum fingur og vonum að þetta gangi upp.

Á þriðjudag verður Lundarskóli ekki í mat hjá okkur.



Árshátíð - pylsuhádegi

Pylsuhádegið á árshátíðardaginn 2022

ALLIR nemendur fá pylsur – 2 á mann

8. bekkur sér um að afgreiða pylsurnar ásamt **Ernu Jóns, Ernu Kristínu og Hafdísi.**



Pylsustöðvar:

- á 1. hæð undir stiga
- á 2. hæð í miðjunni, hjá fuglasafninu
- á 3. hæð í miðjunni, hjá lyftunni

Hver bekkur kemur í röð að sækja pylsur, eldri nemendur taka strax tvær.

10:30 = nemendur í 8. bekk sækja pylsur, brauð og sósur. Drykkir sóttir deginum á undan og farið með í stofur, drykkir MERKTIR.

1. hæð

10:20= 3. bekkur fær pylsur (f. sýningu hjá 3.b.)

10:45 = 2. bekkur fær pylsur

11:00 = 1. bekkur fær pylsur

2. hæð

10:45 = 6. bekkur fær pylsur

11:00 = 4. bekkur fær pylsur

11:15 = 5. bekkur fær pylsur

3. hæð

10:45 = 7. bekkur fær pylsur

11:15 = 9.-10. bekkur fær pylsur

11:30 = 8. bekkur fær pylsur



©WALT DISNEY CO.

LEIF JOHANSSON • 2003

Árshátíð – kaffihlaðborð og sýningar

| Kaffihlaðborð í matsal kl. <u>13:00 -17:30</u> | | | | | | | | | |
|---|--|--------------------------|--|--|---------------------------|--|---------------------------|---------------------------|---------------------------|
| 9. – 10. bekkur 60 mín. | | | | | | | | Kl. 14:45 Sýning á sal | Kl. 17:30 sýning á sal |
| 7. – 8. bekkur 40 mín. | | | | | | | Kl. 13:45 sýning á sal | | Kl. 16:30 sýning á sal |
| 6. bekkur "Ævintýr averöld" 2. hæð (miðgan gur) | <p style="text-align: center;">Ævintýraveröld opið kl. 11:15 – 16:30</p> <p style="text-align: center;">Draugahús í stofu 202, þrautir í stofu 203, andlitsmálun í stofu 204, spákona í stofu 201</p> | | | | | | | | |
| 4. bekkur 20 mín. | | | | | Kl. 12:30 Sýning á sal | | | | |
| 5. bekkur 20 mín. | | | | | | | Kl. 13:00 sýning á sal | | |
| 3. bekkur | kl.11:00 sýning á sal | | | | | | | | |
| 2. bekkur | | kl.11:30 sýning á sal | | | | | | | |

| | | | | | | | | | |
|--------------|--|--|-----------------------------|--|--|--|--|--|--|
| 1. bekkur | | | kl.12:00 sýning á sal | | | | | | |
|--------------|--|--|-----------------------------|--|--|--|--|--|--|

Árshátíð - auglýsing

Árshátíð Brekkuskóla verður haldin miðvikudaginn 6. apríl 2022, tekið skal fram að ekki kostar inn á sýningarnar.

Kaffihlaðborð verður í boði frá kl. 12 – 17:30. Verð fyrir fullorðna 1500 kr. Verð fyrir börn á grunnskólaaldri 500. Börn á leikskólaaldri fá frítt á hlaðborðið. Ágóði af kaffihlaðborði rennur í ferðasjóð 10. bekkjar.

Ævintýraveröld opið kl. 11:15 – 16:30. Miðaverð 100 kr.

- Hlutaveltan er inni í stofu 311 (einn miði)
- Draugahús í stofu 313 (tveir miðar)
- Prautir í stofu 314 (einn miði)
- Andlitsmálun (einn miði)
- Spákona (einn miði)

Ágóði af ævintýraveröld rennur í ferðasjóð 6. bekkjar vegna Reykjaferðar nk. vetur.

Árshátíð - frágangur

Frágangur eftir árshátíð

Salur: c.a 6 manns ganga frá stólum og moppa salinn, 2-4 taka alla leikmuni fram og ganga frá þeim.

Matsalur: foreldrar þurrka af borðum og setja stóla upp svo þarf að skúra matsalinn, húsvörður fer með vélina yfir. 4 aðstoða við að færa borð til.

Bókasafn: Þarf að loka bókasafni klukkustund fyrir árshátíðarlok. Ganga frá borðum, þrifa og setja hillur á sinn stað.

Snyrtingar: 2+2 gæta snyrtinga frá klukkan 13:10 ath. pappír og ástand. Í lokin þarf að þrifa öll wc og tæma rusladalla, skúra yfir gólf.

Forstofur: Moppa gólf og fjarlægja rusl.

Gangar og stofur á öllum hæðum: Ganga frá búningum og dóti, taka allt rusl, koma stofum í kennsluhæft ástand með því að raða borðum, moppa o.fl.

Í lokin þarf að tryggja að allt sé snyrtilegt og allar forstofur læstar, hægt að læsa inngangi C strax eftir Frístund og svo norðurinngangi og aðalinngangi í lok dags.

Við hjálpumst öll við fráganginn.





Páskabingó

Umsjónarkennarar skrá árgang

Ath. að bekkir á yngsta stigi þurfa ef til vill 60 mín og þá skráið þið 60 mín☺

fimmtudagur

föstudagur

| | | |
|-------------|--|--|
| 8:00-8:40 | | |
| 8:40-9:20 | | |
| 9:40-10:20 | | |
| 10:20-11:00 | | |
| 11:20-12:00 | | |
| 12:00-12:30 | | |
| 12:30-13:10 | | |

| | | |
|--|--|--|
| | | |
|--|--|--|

Þar sem langflestir vilja hafa páskabingó eftir árshátíðina þá eru bara tveir dagar til umráða. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir að hver árgangur fái tíma í þessu skjali. Ef það verður tími afgangs má skrá á bekk. Óski kennarar eftir öðrum dögum hafa þeir samband við Denu ritara.